

Úthlutun byggðakvóta til byggðalaga 2024-2025 Tilvísun í mál: MAR25010126

Búið til	31.1.2025 12:04:16
Höfundur	Guðrún Birna Guðmundsdóttir
Móttekið dags.	31.1.2025 08:53:38
Tilheyrir	MAR25010126 - Úthlutun byggðakvóta til byggðarlaga 2024/2025 - Bakkafjörður - Þórshöfn - Langanesbyggð

Efni

Úthlutun byggðakvóta til byggðalaga 2024-2025 Tilvísun í mál: MAR25010126

Upplýsingar

Vinnsla

Móttekið dags.	31.1.2025 08:53:38	Staða	Innflutt
Eigandi		Tímamörk	
Málalykill	05.04.03 Byggðakvóti		
Lykilorð			

Þátttakendur

Frá	Björn Sigurður Lárusson (bjorn.sigurdur.larusson@langanesbyggd.is)
Til	mar@mar.is

Innihald

Tilvísun í mál: MAR25010126

Til þess er málið varðar.

Sveitarstjórn Langanesbyggðar hefur fjallað um úthlutun á byggðakvóta til byggðalaga á fiskveiðiarinu 2024-2025.

Hjálagt eru tillögur sveitarstjórnar að sérstökum skilyrðum fyrir úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiarinu 2024-2025 (11.1). Einnig bókun sveitarstjórnar vegna úthlutunar byggðakvóta á fiskveiðiarinu 2024-2025. Sveitarstjórn vekur sérstaka athygli á því að ekki er farið eftir reglugerð 818/2024 um úthlutun til Þórshafnar þar sem kvóti er skertur um tæp 70% þvert á grein 2 E liðar í áðurnefndri reglugerð.

11. Úthlutun byggðakvóta til byggðalaga á fiskveiðiarinu 2024-2025. Frá Matvælaráðuneyti 22. janúar 2025.

11.1 Tillögur sveitarstjórnar að sérreglum vegna úthlutunar á kvóta fyrir fiskveiðiárið 2024-2025.

Matvælaráðuneytið hefur sent sveitarfélaginu bréf varðandi úthlutun á byggðakvóta til byggðalaga á fiskveiðiarinu 2024-2025. Gefin er kostur á að senda ráðuneytinu tillögur um sérreglur fyrir 21. febrúar.

Til máls tóku: sveitarstjóri, Þórarinn, oddviti.

Bókun um afgreiðslu: Sveitarstjórn samþykkir að senda meðfylgjandi tillögu (11.1) til matvælaráðuneytisins vegna sérstakrar skilyrða fyrir úthlutun á byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiarin 2024-2025. Sveitarstjórn harmar þær skerðingar sem eru á almenna byggðakvótanum fyrir fiskveiðiárið 2024-2025.

Sveitarstjórn bendir á að úthlutunin fyrir fiskveiðiárið 2024 - 2025 brjóti í bága við reglugerð um úthlutun byggðakvóta nr. 818/2024 þar sem segir í 2. gr. E liðar:

„Þegar reiknaður hefur verið út hlutur einstakra byggðarlaga samkvæmt A-lið hér að framan, skal hlutur byggðarlaga með færri íbúa en 400 og sem úthlutað var aflaheimildum á fiskveiðiarinu 2023/2024, og eiga rétt til úthlutunar fiskveiðiaríð 2024/2025, leiðréttur þannig að ekkert þeirra lækki um meira en 15 þorskígildistonn, milli fiskveiðiaranna 2023/2024 og 2024/2025“.

Fyrir fiskveiðiaríð 2023-2024 fékk Þórshöfn úthlutað 102 þorskígildistonnum en fyrir fiskveiðiaríð 2024-2025 er þessi kvóti skertur niður í 32 tonn sem er tæplega 70% skerðing. Íbúar í byggðalaginu Þórshöfn eru 345 og því færri en segir í E lið. Í ljósi þessa fer sveitarstjórn fram á að úthlutun byggðakvóta til Þórshafnar verði leiðréttur og úthlutað samkvæmt reglugerð.

Byggðakvóti hefur hjálpað kvótalitlum og kvótalausum útgerðum sem stunda grásleppuveiðar vegna meðalafla við veiðar og eru gott tækifæri fyrir nýliðun í atvinnugreininni og það hjálpar þeim útgerðum sem fyrir eru, með marga starfsmenn að gera út allt árið.

Samþykkt samhljóða.

Um kvótasetningu grásleppu hefur einnig verið fjallað í stjórnslu Langanesbyggðar. Kvótasetningin kemur afar illa niður á þeim sem búsettir eru á Bakkafirði sem undanfarin ár hefur verið skilgreind sem „Brothætt byggð“ og er mikið högg á brothætt samfélag. Ekki hefur verið sýnt fram á að kvótasetning grásleppu hafi neina almenna þýðingu fyrir samfélagið eða veiðar í heild og ekki horft til áhrifa á smærra samfélag eins og Bakkafjörð.

Vinsamlegast staðfestið móttöku tölvupósts.

Kv.



LANGANESBYGGÐ
Björn S. Lárusson
Sveitarstjóri
S. 468 1220 & 894 2187

Staðbundin geymsla

Merkja sem staðbundið

Activated



Activated by:

Deactivated



Deactivated by: